



RÍKISENDURSKOÐUN

Bríetartúni 7, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Dagsetning

Tilvísun

Alþingi, fjárlaganefnd

28. ágúst 2020

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

11.01
SEP/GJJ

Efni: Umsögn um frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 2020, 969. mál, þskj. 2032

Ríkisendurskoðun hefur þann 26. ágúst 2020 móttengið tölvupóst þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Í þessu frumvarpi er lagt til að Icelandair Group hf. verði veitt sjálfskuldarábyrgð frá ríkissjóði á lánum vegna tekjufalls félagsins í tengslum við heimsfaraldur kórónuveirunnar. Fram kemur að heildarskuldbinding ríkissjóðs vegna þessa geti numið allt að 108 millj. Bandaríkjadala.

Í athugasemdum með lagafrumvarpinu kemur fram að stuðningur við félagið sé háður því að fyrir lægi mat að það þjónaði skýrum almannahagsmunum að verja opinberu fé til þess að styðja við félagið. Aðkoma stjórnvalda sé þar af leiðandi háð því að fullnægjandi árangur náist í fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins í samræmi við þær áætlanir sem stjórnendur félagsins hafa kynnt. Þannig sé miðað við að lánalína með ábyrgð ríkissjóðs sé til þrautavara og að ekki reyni á hana nema upp komi þær aðstæður að rekstur félagsins gangi talvert verr en áætlanir gera ráð fyrir. Lánalínu með ríkisábyrgð er þannig ætlað að skapa aukið rekstraröryggi fyrir félagið sem ætti að hafa jákvæð áhrif á vilja fjárfesta til að leggja félaginu til nýtt fé.

Skilyrði sem félaginu eru sett virðast vera málefnaleg og eru þau væntanlega ákveðin eftir ítarlega umræðu æðstu stjórnenda þeirra ráðuneyta sem eiga hlut að máli. Helsta álitamálið er hvernig tryggingum fyrir endurheimtu ríkisábyrgðar skuli háttað. Frumvarpið er fáort um þetta en ljóst má vera að veðhæfi félagsins er orðið þannig að lítið er um hefðbundin veð sem unnt væri að setja til tryggingar láni nema þá að vera aftarlega í veðröð.

Enda þótt ljóst sé að þær eignir sem frumvarpið gerir ráð fyrir að verði trygging fyrir endurheimtu ef allt fer á versta veg í rekstri félagsins, er afar ósennilegt að þær

eignir standi undir kröfum sem numið gætu allt að 15 ma.kr. Þá er ástæða til að velta fyrir sér hvort að þær sviðsmyndir sem stjórnendur félagsins hafa sett upp og byggt áætlanir sínar á þeim séu raunhæfar. Um það er útilokað að leggja mat á nema með ítarlegri úttekt sérfróðra aðila og þá væri raunar alveg óvíst að eitthvað nýtt myndi koma fram. Þannig getur Ríkisendurskoðun ekki lagt mat á það atriði.

Ríkisendurskoðandi telur rétt að vekja athygli fjárlaganefndar á þessu þannig að Alþingi sé ljóst að óvissuþættir séu fyrir hendi. Í frumvarpinu er leitast við að styðja við endurfjármögnun og rekstur Icelandair Group hf þannig að það geti starfað áfram til að þjóna samgöngum til og frá landinu.

Annar möguleiki í stöðunni væri að ríkissjóður eignaðist hlut í félaginu ef gengið yrði á ábyrgðir eða hreinlega tæki rekstur þess yfir með það fyrir augum að finna síðar mögulega eigendur. Þetta eru á hinn bóginn ákvarðanir sem byggjast á stjórnómálagum forsendum sem umsögn þessi nær ekki til og ríkisendurskoðandi tekur ekki afstöðu til.

Virðingarfyllt,


